

2. **Auglýsing um breytingu á auglýsingu 4. desember 1854 um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrjef.** 1856.
28. febrúar.

Eptir boði Hans Hátignar konungsins auglýsist hjer með, að, þegar beðið verður um íslenzk leiðarbrjef eptirleiðis, skal

láta mæla skipið, þó skal, ef leiðarbrjefsgjaldið ekki áður er greitt, fyrst greiða það eptir skipaskjölunum.

Ef að mælingin, er skal fara fram á þann hátt, að hun tálmi sem minnst ferming skipsins, sannar það, að lestarrúmið ekki er stærra, en stendur í skipaskjölunum eða leiðarbrjefinu, skal hið opinbera borga mælinguna, en annars skipstjóri, og skal hann þá einnig borga það, sem oflitið hefur verið greitt fyrir leiðarbrjefið.

Í umræðum þessa máls í landsþinginu, er lögin voru fyrst lögð fyrir, gjörðu 2 þingmenn breytingaratkvæði, er fór fram á, að þessi grein skyldi burt falla. Það var í þessu efni einkum tekið fram, að meðan hin frjálsa verzlun á Íslandi væri svo ný, ætti sem minnst yrði að tálma fyrir henni, en það gæti leitt af ákvörðun þeirri, er hjer ræddi um, að það yrðu óþægindi fyrir siglinguna, því svo gæti farið, að einstöku af hlutaðeigandi embættismönnum, af heldur mikilli samvirkusemi, þætti það skylda sín að mæla skipin á eptir og seinka með því ferð þeirra. Menn ætluðu og, að það mundi mjög sjaldan við bera, að skip kæmu til Íslands með röngum skipaskjölum, þar eð gjöra má grein fyrir dæmum þeim, sem komu fyrir næstliðið sumar, um mismun á lestarrúmi skipa, milli þess sem stóð í skipaskjölunum og þess sem í rauninni fór fyrir farminum, á þann hátt, að lestarrúmin eru reiknuð eptir teningsmáli, en í hinni dönsku fermingarreglugjörð er farið eptir þyngdinni á vörunum. Þeirri mótbáru var og bætt við, að sýslumennirnir á Íslandi, er ekki þekktu þess konar störf, kynnu ekki að mæla skipin, og yrði ekki til fullnustu ráðin bót á því með að senda þeim ítarlegar reglugjörðir, og yrði það því óvist, hvort mæling sú, er gjörð væri á ný á Íslandi, væri áreiðanleg. Ef að þá einstöku sinnum kynni að bera svo við, að grunur ljeki á, að svik væru í frammi höfð, mundi lögreglumönnum eptir hinum almennu lögum vera heimilt að leita allra bragða, er þeir gætu, til að komast eptir því, og þá einnig með að mæla skipið, og gætu þeir þá fengið reglur um það hjá hinni æðri stjórn, en það þótti aptur á mót eiga miður við að gjöra slíkan starfa lögboðinn, er maður ekki gæti venjulega leyst tilhlýðilega af hendi.

1856. beðninni fylgja, samkvæmt lögum 16. febrúar þ. á., þegar það 28. febrúar. er innanríkisskip: mælingarbrjef skipsins og veðmálabrjef eða af-salsbrjef, og einnig borgarabrjef skipstjóra, en þegar það er ut-anríkisskip, skýrteini þau, er skipið hefur í staðinn fyrir áður greind skipaskjöl; en aptur á móti þarf ekki lengur skýrslu þeirrar frá útgjörðarmanni eða útgjörðarmönnum um nafn skipsins, heimili þess og stærð, og um nafn skipstjóra, sem til var greind í auglýsingu frá stjórn innanríkismálanna 4. desember 1854. Auk þessa hefur Hans Hátign allramildilegast fallið á, að leiðar-brjefa formi því, sem fest var við tjeða auglýsingu, verði breytt þannig, að í stað orðanna: „eins og fyrir er mælt í lögum 15. apríl 1854, 4. gr.“ verði sett: „eins og fyrir er mælt í lögum 16. febrúar 1856, 2. grein“. Að öðru leyti stendur við það, sem ákveðið er í áður greindri auglýsingu um það, hvernig megi fá íslenzk leiðarbrjef.

Stjórnin gat nú reyndar ekki fallið á, að það skyldi vera ógjörandi eða ókljúfandi vandræðum undir orpið, að koma því til leiðar, að skip yrðu mæld upp aptur á Íslandi, en hún varð að viðurkenna, að optnefnd ákvörðun í 3. gr. gæti gefið tilefni til þess, að útlandum skipum yrði gjört óhægt fyrir, einkum þar eð það sæist á skýrslum þeim, er komnar væru frá Íslandi, að yfirvöldin á Íslandi væru mjög smásmugul í þessu efni, er þeim væri heldur ekki láandi, og þar eð stjórnin gæti sjeð um, að eins ríkt væri gengið eptir skipgjaldinu og til var greint í frumvarpinu, með því að gefa hlutaðeigandi embættismönnum reglur fyrir því, hvernig þeir skuli að fara, ef slíkt beri að höndum, einkum með að mæla upp skipin, samkvæmt því sem gjört er í Dánmörku, þegar eptirtakanlegur munur er á farminum, er skipið hefur komið með, og lestarrúmi því, er sagt er í leiðarbrjefinu að skipið hafi, og setti hún sig því ekki móti breytingaratkvæði þessu, er þingið einnig samþykktist.

Þjóðþingið fjellst einnig á að þriðju grein frumvarpsins yrði sleppt.